



**Ávarp
forseta Íslands,
Ólafs Ragnars Grímssonar
á Íslenska sögubínginu
28. maí 1997**

Heiðruðu þingfulltrúar.

Í aðdraganda lýðveldisstofnunar birti Sigurður Nordal þjóðinni niðurstöður af áralöngum rannsóknum og hugleiðingum “um vanda þess og vegsemd að vera Íslendingur nú á dögum”.

Orðalag höfundar í forspjalli Íslenskrar menningar endurspegladi hugmyndaheim og verklag í fræðum sem helguð voru þjóðarvitund landsmanna, nauðsyn þess að sýna og sanna að fámenn og fátæk þjóð við nyrsta haf væri svo ríkulega búin að menningu og sögulegum arfi að hún verðskuldaði sjálfstæðan sess í samfélagi þjóðanna.

Þessari þjóðlegu hefð lýsir Sigurður Nordal vel í eftirfarandi texta:

„Sagan getur bæði orkað á tilfinningar manna og brýnt vilja þeirra. Ræktarsemi við land og þjóð leitar þar svölunar og glæðist við. Sagan á mikinn þátt í að auka ættjarðarást, viðnámsþrótt og metnað. Allt þetta þekkja Íslendingar mæta vel.”

„Sumir óttast, að meiri hætta en gagn stafi af sögunni, hún geti gert menn að skýjaglópum eða nátttröllum, þeir blíni um öxl sér og fari að ganga sjálfa sig niður í jörðina. Allt þetta getur komið fyrir, sé hún ranglega skráð eða heimskulega lesin. En þó að Íslendingum hafi oft verið brugðið um að lifa í fornöldinni og hafi stundum hræðzt það sjálfir, ætti dæmi Jóns Sigurðssonar eins að losa þá við blindan ugg í þeim efnunum, - þess manns, sem var í senn allra fróðastur um sögu þjóðar sinnar og allra djarfastur og hagsýnastur í baráttunni fyrir viðreisn hennar og hvers konar hagsbótum. Sé rétt á sagnfræðinni haldið, fer því fjarri, að hún eigi að leggja á menn neinn herfjötur fortíðarinnar. Ástundan hennar er greiðasta og oft eina leiðin til

Þess að gera þá frjálsa, hæfa að lifa í samtíðinni og taka á vandamálum líðandi stundar.”

Þessi lýsing Sigurðar í forspjalli Íslenskrar menningar varpar skýru ljósi á viðhorf fremstu fræðimanna þjóðarinnar í árdaga íslenska lýðveldisins. Reyndar hafði kjarninn í þessari hugmyndahefð verið ráðandi frá upphafsskeiði sjálfstæðisbaráttunnar um miðbik síðustu aldar.

Áhrifamáttur hefðarinnar var enn svo mikill á menntaskólaárum mínum að nánast allt sem þá var til um sögu 19. og 20. aldar var ritað í lofsöngsstíl um forvígismenn og sjálfstæðishetjur. Sú afstaða endurspegladist vel í einkunnargjöf kennara míns stúdentsprófsveturinn þegar hann lækkaði einkunn mína fyrir ritgerð um nýútkomna lofgjörðarævisögu sem helguð var Hannesi Hafstein. Ég hafði kosið að fjalla um goðsögnina sem einkenndi verkið og notaði því oft orðin “goðmennið Hannes Hafstein”. Sú hugsun var kennaranum svo framandi að hann taldi ég hefði gleymt að setja kommur yfir o-ið í orðunum “goðmennið Hannes Hafstein” og þegar ég fékk ritgerðina til baka var komman komin alls staðar með leiðréttingarpenna kennarans: “góðmennið Hannes Hafstein”.

Annars var íslensk nútímasaga enn frekar fátækleg þegar ég hóf efnisöflun til doktorsritgerðar á miðjum sjöunda áratugnum. Ekkert heildarrit eða ritgerðarsafn var þá til um sögu Íslendinga frá endurreisn Alþingis til stéttarstjórn mála og lýðveldisára. Ég varð því að verja rösku ári í lestur frumheimildanna sjálfra, allra tímarita og blaða sem út höfðu verið gefin frá miðri síðustu öld, alþingistíðinda, stjórnartíðinda, hagskýrslna og fleiri rita. Svo mikið var magnið og þungt að landsbókavörður kom eitt sinn að máli við mig og kvartaði elskulega yfir því að efnisþarfir mínar fælu í sér of mikinn burð fyrir safnverðina, spurði hvort ekki væri hægt að komast af með færri og léttbærari heimildir!

Þegar litið er yfir dagskrá Íslenska söguþingsins sem hér hefst í dag sést hve víðtækar og margþættar breytingar hafa orðið á sagnfræðirannsóknum og söguþekkingu okkar Íslendinga á síðustu áratugum.

Sú hefð sem Sigurður Nordal lýsti í Íslenskri menningu og mótast hafði í hartnær 100 ár og sá skortur á fræðiritum í íslenskri nútímasögu sem blasti við ungum stjórn málafræðistudent þegar lýðveldið nálgadist aldarfjórðungsafmælið hafa nú vikið fyrir kröftugu fræðastarfi sem býr að sterkum alþjóðlegum tengslum og hefur þegar skilað fjölpættum efniviði til endurnýjunar á sjálfsþekkingu okkar Íslendinga.

Íslenska sögubingið er ánægjulegur vitnisburður um sóknarkraft greinarinnar og áhrifamátt nýrra kynslóða sem nú hafa auðgað íslenska sagnfræði að nýjum viðfangsefnum, þróaðri aðferðafræði, alþjóðlegum kenningarstraumum, skarpri gagnrýnni og sterkri sjálfsvitund.

Það er lofsvert framtak að efna til þessa fræðilega viðburðar og ég óska aðstandendum þingsins, fyrirlesurum og öllum þeim sem hér hafa lagt hönd á plóg til hamingju með árangurinn. Vonandi getum við í framtíðinni fagnað nýjum áföngum í íslenskri sagnfræði með því að koma reglulega saman til slíks sögubings, mannfunda þar sem mælikvarði verður lagður á framlag greinarinnar og þróun.

Þótt á síðari árum hafi eðlilega verið horfið frá hefð sjálfstæðisbaráttunnar við túlkun á sögu Íslendinga er þó ýmislegt í viðhorfum fræðimanna fyrri tíðar sem vert er að hugleiða og jafnvel hafa í veganesti á nýrri öld.

Þeir gættu þess ávallt að ritverk þeirra og rannsóknir væru í nánnum tengslum við þekkingarsköpun og umræðuvettvang þjóðarinnar sjálfrar, að lýsing á straumum og stefnum fyrri tíðar, atburðum og örlögum gæti orðið samtímanum efniviður til réttisýni og visku. Sagnfræðin væri ekki einangruð iðja, utan og ofan við amstur og átök hins daglega vettvangs.

Þess gætir nokkuð um þessar mundir að rannsóknir og öndvegisrit íslenskra sagnfræðinga séu eingöngu umræðuefni innvígðra í hinni akademísku veröld, að þjóðin fari á mis við þau tíðindi sem felast í nýjum niðurstöðum og fræðimenn njóti ekki þeirrar yfirsýnar og aga sem spretta af líflegri almennri umræðu um nýjar kenningar.

Sláandi dæmi um skort á slíkri umræðu um tímamótarit í íslenskri nútímasögu birtist okkur á liðnum vetri þegar lítil sem engin viðbrögð urðu við útgáfu merkisrits um utanríkismál Íslendinga, samskipti hins nýfrjálsa ríkis við höfuðveldi veraldar á upphafsárum kalda stríðsins. Þar var lagður fram efniviður í nýjan skilning á heitustu deilumálum Íslendinga á lýðveldistímanum.

Kannski eru hagsmunir fyrri tíðar enn svo ríkir í fjölmiðlum, flokkum og valdastofnunum að flestir kjósi þögnina um slík tíðindi í ritun íslenskrar nútímasögu. Samfélag íslenskra sagnfræðinga þarf þá að tryggja að slíkum verkum sé brotin braut inn á umræðuvettvang þjóðarinnar sjálfrar svo að Íslendingar glati ekki tækifærum til sjálfsþekkingar sem ný lærdómsverk bera með sér.

Þótt samspil sögu og þjóðlífs verði annað á nýrri öld en á baráttuskeiði sjálfstæðisstjórnmalanna er okkur Íslendingum nauðsyn að áfram sé spunninn sá lífþráður sem felst í þekkingu þjóðarinnar á liðinni tíð, að áfram þroskist sú sjálfsvitund sem sköpuð er með nýjum skilningi á eigin sögu.

Ég óska ykkur til hamingju með frumkvæðið sem felst í Íslensku sögupingi og vona að erindi og umræður gefi fræðunum og þjóðinni allri kost á að skilja betur sögu Íslendinga.